

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Álfheiði Eymarsdóttur um kostnað ráðuneytisins og undirstofnana vegna kaupa og notkunar á Microsoft-hugbúnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklum fjármunum hefur verið ráðstafað árlega undanfarin fimm ár í leyfisgjöld til Microsoft vegna nota af hugbúnaði og stýrikerfum í ráðuneytinu og undirstofnunum sem heyra undir ráðherra? Svar óskast sundurliðað fyrir ráðuneytið og hverja undirstofnun og jafnframt eftir leyfum vegna Windows-stýrikerfa, leyfum vegna Microsoft Office-hugbúnaðar-svítu og leyfum vegna annars hugbúnaðar frá Microsoft.

Útgjöld atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna leyfisgjalda til Microsoft eftir tegundum leyfa undanfarin fimm ár, 2014 til 2018, eru samkvæmt neðangreindri töflu. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Microsoft, samtals	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals:
Atvinnuvega- og nýsköpunarn.	0	0	18.096	2.726.543	2.538.667	5.283.306
Fiskistofa	0	0	876.735	2.261.780	4.120.294	7.258.809
Hafrannsóknastofnun	0	0	0	2.746.067	5.772.350	8.518.417
Matvælastofnun	1.951.958	2.189.355	3.158.509	2.757.703	2.930.080	12.987.605
Samtals:	1.951.958	2.189.355	4.053.340	10.492.093	15.361.391	34.048.137

Windows-stýrikerfi	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals:
Atvinnuvega- og nýsköpunarn.	0	0	0	0	0	0
Fiskistofa	0	0	583.726	83.752	0	667.477
Hafrannsóknastofnun	0	0	0	0	0	0
Matvælastofnun	0	0	0	0	0	0
Samtals:	0	0	583.726	83.752	0	667.477

Microsoft Office	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals:
Atvinnuvega- og nýsköpunarn.	0	0	18.096	2.726.543	2.538.667	5.283.306
Fiskistofa	0	0	106.854	1.895.125	3.627.304	5.629.283
Hafrannsóknastofnun	0	0	0	2.746.067	5.772.350	8.518.417
Matvælastofnun	1.710.829	1.900.000	2.783.606	2.126.154	2.298.531	10.819.120
Samtals:	1.710.829	1.900.000	2.908.556	9.493.889	14.236.852	30.250.126

Microsoft, annað	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals:
Atvinnuvega- og nýsköpunarn.	0	0	0	0	0	0
Fiskistofa	0	0	186.155	282.903	492.990	962.048
Hafrannsóknastofnun	0	0	0	0	0	0
Matvælastofnun	241.129	289.355	374.903	631.549	631.549	2.168.485
Samtals:	241.129	289.355	561.058	914.452	1.124.539	3.130.533

Athygli er vakin á því að á fyrri hluta þess tímabils sem spurt er um voru leyfin almennt keypt með nýjum tölum og ekki sama áhersla lögð á að vera með nýjustu uppfærslur. Þannig var sami hugbúnaður notaður aftur þegar vélbúnaður var uppfærður og skýrir það að kostnaður er enginn sum ár.